

greiði og stefnda Sigurði verkfræðing Thor-
oddsen málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá
lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 46/1901.

Ólafur Arnason

gegn

Snjáfríði Gísladóttur.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði kaupmaður Ólafur Árnason á Stokkseyri fyrir lögreglurétti Reykjavíkur kaupstaðar gegn stúlkunni Snjáfríði Gísladóttur fyrir það, að hún hafi hlaupið úr vist frá sér, er hún hafi verið ráðin í fyrir vistarárið frá 14. maí 1901 til sama tíma 1902, og var málið útkljáð með lögregluréttardómi nefnds kaupstaðar 2. septbr. 1901, og urðu þau málalok, að Snjáfríður Gísladóttir skyldi, ef hún eftir löglegan undirbúning á varnarpingi sínu. synjaði fyrir það með eidi, að hún hefði verið vistráðin nefnt ár hjá Ólafi Árnasyni gegn 60 kr. árskaupi, vera sýkn af kröfum hans í málinu og málskostnaður þá falla niður, en ella greiða honum 55 kr. fyrir vistarrof og 10 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Ólafur Árnason áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu dagsettri 12. nóvember f. á. og krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og honum þannig breytt, að hin stefnda verði dæmd til að greiða honum 55 kr.

fyrir vistarrof og allan málskostnað fyrir báðum réttum með 75 kr. eða einhverju nægilegu eftir mati réttarins. Hins vegar hefir stefnda Snjáfríður Gísladóttir krafist, að hún verði sýkn fundin af kærum og kröfum stefnandans í þessu máli og hann dæmdur í málskostnað að skaðlausu fyrir báðum réttum, en hún hefir ekki gagnáfrýjað málinu, og verður því krafa hennar að skiljast á þá leið, að lögregluréttardómurinn verði staðfestur.

Stefnda Snjáfríður Gísladóttir fór sem vinnukona til áfrýjanda á vinnuhjúaskildaga 1901, en hér um bil mánuði seinna fór hún burt úr vistinni, að hún segir sökum þess, að hún hafi eigi séð sér fært að vera lengur í henni vegna framkomu húsmóðurinnar við sig, enda hafi hún ekki verið ráðin til áfrýjanda nema um óákveðinn tíma. En áfrýjandi heldur því fram, að hún hafi verið vistuð til árs gegn 60 kr. kaupi.

Með framkomnum vitnisburðum og vottorðum er það sannað, að stefnda hefir sagt það ýmsum, að hún væri ráðin í ársvist hjá áfrýjanda með 60 kr. kaupi, en þar sem stefnda kveðst hafa sagt mönnum þetta að eins til þess að láta eigi bera á því, að hún var í raun og veru óvistuð og í ólöglegri lausamensku, þá verður eigi álitin fengin full sönnun fyrir fullyrðingu áfrýjanda með téðum skýrslum og vottorðum, en svo miklar líkur verða hins vegar að teljast með þeim fram komnar gegn stefndu, að það virðist rétt, að úrslit málsins verði látin vera komin undir eidi hennar, eins og undirdómurinn hefir gjört, og með því yfirdómurinn

einnig felst á ákvæði undirdómsins að því til málskostnaðar kemur, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Vinni stefnda eið þann, sem henni er gjörður, virðist áfrýjandi eiga að greiða henni málskostnað fyrir yfirdómi, sem virðist hæfilega ákveðinn 15 krónur, en vinni hún ekki eiðinn, skal málskostnaður fyrir yfirdómi falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Vinni stefnda Snjáfríður Gísladóttir eið þann, sem undirdómarinn hefir gert henni, ber áfrýjanda Ólafi Árnasyni að greiða henni málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum. Að öðrum kosti falli málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Dómiaum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 21. aprílmán.

Nr. 49/1901.

Einar Finnsson
gegn

bæjarfógeta Halldóri Danielssyni f. h.
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

D ó m u r:

Þegar kjörskrá til alþingis var samin fyrir Reykjavíkurborg fyrir árið 1901—1902, var áfrýjanda þessa máls, verkstjóra Einari Finnssyni, slept af skránni. Hann kærði þá yfir þessu til